



Reykjavík, 21. ágúst 2019

Efni: Tillögur umboðsmanns barna um fimm punkta áætlun til að bregðast við skólaforðun

Tillögur umboðsmanns miða fyrst og fremst að því að réttur barna til menntunar sé uppfylltur samkvæmt ákvæðum Barnasáttmálans, sbr. lög nr. 19/2013 sem og lög um grunnskóla nr. 91/2008 en Barnasáttmállinn leggur skyldu á stjórnvöld að grípa til ráðstafana til að stuðla að reglulegri skólasókn og draga úr því að nemendur hverfi frá námi.

- **Kortlagning** – Umboðsmaður barna leggur til að mennta- og menningarmálaráðuneytið ráðist í vinnu til að kortleggja hversu umfangsmikill vandi skólaforðun raunverulega er og hverjar séu helstu ástæður þess að börn sækja ekki skóla. Í könnun velferðarvaktarinnar var einungis um að ræða tilfinningu skólastjórnaenda fyrir því hversu mörg börn væru að glíma við skólaforðun í hverjum skóla fyrir sig og gefa því einungis vísbendingar um umfang vandans en ekki raunverulega stöðu. Auk þess var svarhlutfall skólastjórnaenda í könnuninni 78,5% og ljóst að það vantar svör frá fleiri skólastjórnaendum til að raunverulega greina vandann. Könnun velferðarvaktarinnar gefur hins vegar ákveðnar vísbendingar um umfang vandans ef ekki á að ráðast í frekari kortlagningu. Út frá henni má gera ráð fyrir að um 2,2% grunnskólanema eða um 1000 börn glími við skólaforðun. Í máli Þorsteins Sæbergs, formanni Skólastjórafélags Íslands á málþingi um skólaforðun sem haldið var 20. maí sl. kom fram að þessar tölur væru varlega áætlaðar og mætti gera ráð fyrir að umfang skólaforðunar væri meira en 2,2%.
- **Samræmd fjarvistaskráning** – Lykilatriði til að halda utan um upplýsingar um skólaforðun og fylgjast með þróun hennar hér á landi er að samræmd fjarvistaskráning hjá öllum grunnskólum landsins. Tæp 70% skólastjórnaenda sem svörðu könnun velferðarvaktarinnar töldu það mjög eða fremur mikilvægt að samræma fjarvistaskráningu um land allt. Að mati umboðsmanns barna þurfa fyrirmæli um slíka skráningu og útfærslu á henni að koma frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem er stefnumótandi aðili í málaflokknum.
- **Stuðningur við börn** - Setja þarf fram og hrinda í framkvæmd aðgerðum sem stuðla að því að börn fái stuðning við hæfi, líkt og skólum er skylt að gera samkvæmt grunnskólalögum og reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010. Út frá þeim málum sem umboðsmaður barna hefur fengið ábendingar um má leiða að því líkur að ástæða skólaforðunar hjá mörgum börnum er ekki viðunandi stuðningur við þau innan skólans. Þá töldu 76% skólastjórnaenda í könnun velferðavaktarinnar að helsta ástæða skólaforðunar væri kvíði og þunglyndi og 29% skólastjórnaenda nefndu einnig erfiðar aðstæður á heimili.
- **Samræmdir verkferlar til staðar** – Umboðsmaður barna leggur til að krafa sé gerð til grunnskóla samkvæmt lögum eða reglugerðum að verkferlar séu til staðar og þeim fylgt eftir

Þegar um er að ræða barn sem glímir við skólaforðun. Móta þarf grunnviðmið um lágmarksviðbrögð sem skólum ber að fara eftir þegar barn glímir við skólaforðun. Mikilvægt er að í viðmiðunum komi fram skilgreiningar og lykilhugtök til að samræma orðanotkun um skólaforðun og viðbrögð skóla við því. Samkvæmt könnun velferðarvaktarinnar eru um 83% skólanna sem svöruðu könnuninni með viðmið eða verklag í samvinnu við aðra aðila en afar misjafnt virðist vera hvenær gripið er inn í mál barns og við hvaða aðstæður eftir skólum.

- **Raddir barna** – Mikilvægt er að rætt verði við börn og ungmenni sem hafa glímt við skólaforðun til að fá innsýn frá þeim hver var helsta ástæða þess að þau forðuðust að mæta í skólann og hvað hefði mögulega aðstoðað þau. Slíkt er í samræmi við 12. gr. Barnasáttmálans sem kveður á um rétt barna til þátttöku ásamt innsýn í málefni barna sem glíma við skólaforðun.

Virðingarfyllt,

Salvör Nordal,
umboðsmaður barna